

Breytingartillögur

við frv. til l. um réttindi og skyldur erlendra fyrirtækja sem senda starfsmenn tímabundið til Íslands og starfskjör starfsmanna þeirra.

Frá félagsmálanefnd.

1. Við 4. gr. 6. tölul. 1. mgr. orðist svo: Lög nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof, 11., 29. og 30. gr.
2. Við 8. gr. 4. mgr. orðist svo:
Vinnumálastofnun skal afhenda hlutaðeigandi stjórnvöldum, einkum skattfyrvöldum, Tryggingastofnun ríkisins, Útlendingastofnun, Vinnueftirliti ríkisins og Þjóðskrá, upplýsingar skv. 1.–3. tölul. 1. mgr. og 3. mgr. eftir því sem við á.
3. Við 19. gr. Greinin orðist svo ásamt fyrirsögn:

Reglugerðarheimild.

Félagsmálaráðherra er heimilt að setja reglugerð um nánari framkvæmd laga þessara, þar á meðal um samstarf og veitingu upplýsinga milli þar til bærna stofnana innan aðildarríkja að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, EFTA-ríkis eða Færeyja.

4. Við bætist ný grein er verði 20. gr. og orðist svo ásamt fyrirsögn:

Innleiðing á tilskipun.

Lög þessi eru sett til innleiðingar á tilskipun 96/71/EB um störf útsendra starfsmanna í tengslum við veitingu þjónustu.

5. Við 20. gr., er verði 21. gr.
 - a. Í stað orðanna „1. maí 2007“ í 2. mgr. komi: 1. júní 2007.
 - b. Í stað orðanna „1. apríl 2007“ í 3. mgr. komi: 1. maí 2007.
6. Við 21. gr., er verði 22. gr.
 - a. 2. tölul. c-liðar orðist svo: Upplýsingar um dvalarstað og áætlaðan dvalartíma starfsmanna fyrirtækisins hér á landi þegar um erlenda starfsmenn er að ræða.
 - b. 4. mgr. c-liðar orðist svo:
Vinnumálastofnun er heimilt að afhenda hlutaðeigandi stjórnvöldum, einkum skattfyrvöldum, Tryggingastofnun ríkisins, Útlendingastofnun, Vinnueftirliti ríkisins og Þjóðskrá, upplýsingar skv. 1.–4. tölul. 1. mgr. og 3. mgr. eftir því sem við á.